

Skólaþing Krikaskóla

Tilgangurinn með því að halda skólaþing er að skapa börnunum vettvang fyrir skoðanir sínar og fá fram hugmyndir þeirra sjálfra um skólasterfið. Skólaþing er haldið að vori með börnunum í 4. Bekk og stundum fleiri árgöngum.

- Öll börnin skiptast í 6-8 barna hópa.
- Hver hópur sest við hringborð með einum hópstjóra.
- Skólastjórnendur eru alltaf þátttakendur.

Spurningar til umfjöllunar:

- Hvað er best við Krikaskóla ?
- Hverju viljum við breyta ?
- Hverju má alls ekki breyta ?

Kennarinn/hópstjórinn sem er með hverjum hóp :

- Sér til þess að öll börnin fái að tjá sig og skráir svör þeirra og umræður.
- Styður börnin í að setja fram sjónarmið sín og virða annarra.

Markmið með skólaþingi er að varpað ljósi á þætti sem eru mikilvægir börnunum í skólasterfinu og taka mið af sjónarmiðum þeirra. Það hefur ítrekað orðið til þess að breytingar hafi verið gerðar í framhaldinu. Skólaþingið er börnum og kennurum tilhlökkunarefni á hverju vori enda í alla staði ánægjulegt.

Skólaþingið er liður í innra mati skólans og niðurstöður þess ræddar á kennarafundi, kynntar foreldrum og hafa mótandi áhrif í starfsáætlun næsta árs.

Úrvinnsla er sett af stað strax að loknu þinginu – sameiginlega eru þemu dregin fram og þau eru svo rædd og kynnt börnunum á bekkjarfundum. Þannig fæst oft dýpt í samtalið og hægt að greina á milli þess sem við getum haft áhrif á og þess sem við ráðum litlu um.